

15. júní,
2015

Samstarf um mál og læsi alla skólagönguna – lokaskýrsla til Sprotasjóðs



Guðrún Edda Bentsdóttir
Skóla- og frístundasvið
Reykjavíkurborgar
15. júní, 2015

Efnisyfirlit

1. Markmið verkefnisins skv. umsókn	2
2. Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði	3
Verkefnisstjórn.....	3
Samstarfsfundir	3
Fræðsla til starfsmanna	4
Fræðsla til foreldra	5
Vettvangsferð á Reykjanes.....	5
Spjaldtölvur.....	6
Kynningar og miðlun upplýsinga.....	7
3. Frávik miðað við áætlun verkefnisins	7
4. Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins	8
5. Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið.....	8
6. Mat á verkefninu skv. umsókn	9
7. Niðurstöður verkefnisins	10
8. Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum	11
9. Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um	11
Heimildir	12

1. Markmið verkefnisins skv. umsókn

Markmiðið með verkefninu *Samstarf um mál og læsi alla skólagönguna* var að þróa samstarfsáætlun sem byggir á læsisstefnu leikskóla og lestrarstefnu grunnskólanna, styrkleikum beggja skólastiganna ásamt grunnþættinum læsi í aðalnámskrá leik- og grunnskóla. Stefnt var að því að til yrði e.k. heildstæð áætlun um markviss vinnubrögð í eflingu máls og læsis fyrir bæði skólastigin sem jafnvel geti nýst sem fyrirmynd fyrir samstarfsáætlanir í öðrum hverfum. Meginverkefni verkefnisins fólst í að endurskoða það samstarf sem þegar hafði verið efnt til, meta hvað vel hefði tekist fram að þessu og hvað mætti bæta og breyta.

Annað meginmarkmið var að efla samstarf við foreldra um mál og læsi, virkja foreldra enn betur sem samstarfsaðila um eflingu málþroska og læsis og auka upplýsingastreymi til þeirra um framfarir barna þeirra.

Markmiðið með verkefninu var jafnframt að auka samstarf við frístundaheimilið um eflingu máls og læsis með frekari þátttöku í sameiginlegum verkefnum og fræðslu til starfsmanna.

Áhersla var á notkun upplýsinga- og samskiptatækninnar til að efla mál og læsi barna á leik- og grunnskólaaldri og upplýsa foreldra um notkun tækninnar til að styðja við málþroska og læsi barna sinna.

Tilgangurinn verkefnisins fólst ekki síst í því að auka samféllu í mál- og læsinaði barna á mörkum leik- og grunnskóla til að koma í veg fyrir afturhverft rof þ.e. endurtekningar eða skörun á viðfangsefnum skólastiganna, eins og rannsóknir gefa vísbendingar um að sé til staðar (Gerður G. Óskarsdóttir, 2012; Jóhanna Einarsdóttir, 2007).

Auk þess að þróa samfellda áætlun um eflingu málþroska og læsis hafði hver samstarfsaðili ákveðin undirmarkmið með þróunarverkefninu. Markmið leikskólans Sunnuáss með þátttöku í verkefninu var m.a. að móta drög að kafla um eflingu málþroska og læsis í skólanámskrá fyrir nýjan leikskóla einsog aðalnámskrá leikskóla gerir ráð fyrir. Mótaðar yrðu áherslur leikskólans varðandi þessa þætti, skilgreindar leiðri og hvernig ætti að meta þær. Jafnframt verður leitast við að nýta möguleika upplýsinga- og samskiptatækninnar við að efla málþroska og læsi leikskólabarnanna ásamt því að auka notkun tækninnar í samstarfi við foreldra.

Markmið Langholtsskóla var að styrkja enn frekar þróunarstarf sitt í læsi á yngsta stigi með þátttöku í Byrjendalæsinu og fleiri verkefnum og gera heildstæða áætlun um eflingu læsis á öllum aldurstigum. Enn fremur var stefnt að því að fullgera hæfniviðmið í læsi skv. nýrri aðalnámskrá og mat á þeim. Jafnframt yrði leitast við að nýta enn betur möguleika upplýsinga- og samskiptatækninnar við að efla læsi nemenda í 1. – 10. bekk í víðum skilningi ásamt því að auka enn frekar notkun tækninnar í samstarfi við foreldra.

Frístundaheimilinu Glaðheimum var boðin þátttaka í verkefninu. Markmiðið með þátttöku frístundaheimilisins var einkum að stuðla að samfelli í vinnu með mál og læsi á mörkum skólastiganna og að koma til móts við markmið skóla- og frístundaráðs um að samstarf um eflingu máls og læsis nái einnig til frístundastarfs.

2. Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Verkefnisstjórn

Stofnaður var stýrihópur utan um verkefnið með þátttöku stjórnenda á báðum skólastigum ásamt starfsmönnum á skrifstofu skóla- og frístundasviðs (SFS). Í stýrihópnum voru einnig fulltrúi frístundaheimilisins Glaðheima sem starfar í tengslum við Langholtsskóla en nemendur í 1. og 2. bekk Langholtsskóla sækja frístundaheimilið. Í verkefnisstjórn sátu:

Fríða B. Jónsdóttir, verkefnisstjóri fjölmenningar í leikskólum á skrifstofu SFS

Guðrún E. Bentsdóttir, verkefnisstjóri á grunnskólahluta skrifstofu SFS

Steingerður Kristjánsdóttir, verkefnisstjóri frístundamála á skrifstofu SFS

Ólöf Helga Pálmadóttir, leikskólastjóri í Sunnuási

Inga Jóna Hilmisdóttir, aðstoðarleikskólastjóri Sunnuási

Sesselja Auður Eyjólfsdóttir, aðstoðarskólastjóri Langholtsskóla

Vilhelmina Þ. Þorvarðardóttir, deildarstjóri yngri deildar í Langholtsskóla

Meginhlutverk verkefnisstjórnar var að fylgjast með framgangi verkefnisins, veita ráðgjöf og leiðsögn. Verkefnisstjórn hittist mánaðarlega á meðan á verkefninu stóð og voru fundirnir haldnir til skiptis hjá samstarfsaðilunum.

Í upphafi hvorrar annar gerði verkefnisstjórn verk- og tímaáætlun þar sem fram kom hvenær fundir verkefnisstjórnar yrðu haldnir, samstarfsfundir þátttakenda, fræðsla til þátttakenda og foreldra o.fl. Verk- og tímaáætlun haustannar 2014 og vorannar 2015 fylgja með sem fylgiskjöl (sjá fylgiskjöl 2 og 3).

Verkefnisstjórn mat einnig jafn óðum hvernig til tókst og sá um að fram færi formlegt mat, s.s. viðhorfskannanir og mat á stöðu barna þar sem við á. Við matið var m.a. notað sérstakt eyðublað sem fylgir með sem fylgiskjal (sjá fylgiskjal 4). Þátttakendur hjá hverjum samstarfsaðila mátu fyrst samstarfið í sínum hópi og komu fulltrúar hvers samstarfsaðila síðan með þær niðurstöður á fundi verkefnisstjórnarinnar þar sem farið var yfir mat hvers samstarfsaðila og leitast við að samræma niðurstöður.

Samstarfsfundir

Þátttakendur (forstöðumenn og frístundaráðgjafar á frístundaheimilinu Glaðheimum, deildarstjórar og starfsmenn á elstu deildum á leikskólanum Sunnuási og kennarar í 1. bekk í Langholtsskóla) hittust á nokkrum fundum til að miðla upplýsingum um starf sitt og leggja drög að frekara samstarfi. Byrjað var á að fara yfir hvaða verkefni hefðu gengið vel fram að þessu og þátttakendur vildu halda óbreyttum, hvaða verkefni mátti halda áfram með en gera



lítills háttar breytingar á og hvaða verkefni þátttakendur vildu hætta með. Sama form var notað til að meta starfið um mitt skólaárið. Þátttakendur ákváðu að auki í byrjun árs 2015 að heimsækja allar starfsstöðvar til að kynnst starfi þeirra af eigin raun.

Þátttakendur hittust undir lok skólaársins og tímasettu helstu viðburði. s.s. dag íslenskrar tungu, heimsókn leikskólabarna á jólaskemmtun í Langholtsskóla, heimsóknir 1. bekkinga í leikskólann, hvenær ætti að

skreyta saman tré í Laugardalnum, vorskólann, halda útileikjadaginn o.fl.

Fræðsla til starfsmanna

Fræðsla í tengslum við verkefnið á haustönn 2014

- Kynning á verkefninu *Okkar mál* í Fellahverfi Ester Helga Líneyjardóttir, deildarstjóri í Fellaskóla, Nicole Leigh Mosty frá leikskólanum Ösp, Halldóra B. Gunnlaugsdóttir og Gyða Guðmundsdóttir frá leikskólanum Holti kynntu samstarfsverkefni skóla í Fellahverfi og stofnana í Breiðholti sem hefur það meginmarkmið að efla félagslegan jöfnuð, námsárangur og vellíðan barna í hverfinu. Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á meðfylgjandi slóð: <http://tungumalatorg.is/okkarmal/>
- Í nóvember fór fram *kynning á áherslum og starfsháttum* leikskóla, yngsta stigs grunnskóla og í frístundastarfi, þátttakendur kynntu starf sitt hver fyrir öðrum og samræða skapaðist um leið um sameiginlegar áherslur og hvað væri líkt og ólíkt í vinnuaðferðum á hverjum starfsstað.
- *Náms- og kynnisferð í Reykjanesbæ* 17. nóv. 2014 (sjá nánar á bls. 5 - 6)
- Í lok nóvember var *kynning á notkun spjaldtölva* og helstu möguleikum í starfi með yngstu börnunum. Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir verkefnisstjóri í upplýsingatækni á skrifstofu SFS kom með nokkrar spjaldtölvur með sér og þátttakendur fengu að spreyta sig á þessari tækni. M.a. voru kynnt smáforritin Book Creator, Puppet Pals o.fl. Kynningin kveikti áhuga hjá starfsfólki og opnaði möguleika á notkun snjalltækja við að efla mál og læsi í víðu samhengi. Má sjá merki þess í endurskoðaðri samstarfsáætlun um mál og læsi sem fylgir með skýrslunni sem fylgiskjal (sjá fylgiskjal 1)

Fræðsla í tengslum við verkefnið á vorönn 2015

- *Námskeið um spjaldtölvur í vinnu með 4 – 7 ára börnum* var haldið 19. mars. Rakel G. Magnúsdóttir fjallaði nánar um möguleika ýmissa smáforrita í vinnu með mál og læsi sem þátttakendur fengu að spreyta sig á. Námskeiðið styrkti þekkingu þátttakenda á þessari tækni og möguleikum hennar. Rakel hélt einnig framhaldsnámskeið fyrir þátttakendur til að undirbúa starf næsta vetrar.

- Fræðslufundur um *Sögugrunninn* var haldinn 3. mars – Guðrún Sigursteinsdóttir, sérkennsluráðgjafi í Þjónustumiðstöð Breiðholts, kynnti Sögugrunninn og möguleika þess efnis til að vinna með tjáningu og tal með elstu börnunum í leikskólunum og yngstu nemendum á grunnskólaaldri. Sögugrunnurinn er námstæki til að hjálpa börnum við frásögn og sögugerð þar sem leikurinn er kennsluaðferðin. Efninu fylgja myndir á spjöldum, stafir og orð sem tengjast helstu efnisflokkum sem snerta daglegt líf barna, s.s. persónum, dýrum, byggingum, farartækjum, leikföngum, umhverfi og veðri.
- Fræðslufundur um *virkt tvítyngi* fór fram 10. mars – Fríða B. Jónsdóttir, verkefnisstjóri og ráðgjafi vegna fjölmenningar í leikskóla, fjallaði um þróun máltöku annars máls og mikilvægi móðurmáls í öllu námi og læsi. Einnig kynnti hún ýmsar hagnýtar leiðir til að vinna með móðurmál í námi og leik.

Fræðsla til foreldra

Anna Þ. Ingólfssdóttir, lektor við menntavísindasvið HÍ hélt fyrirlestur fyrir foreldra og starfsfólk 15. okt. 2014 sem hún kallaði *Málið, lífið og leikurinn - Að efla málskilning barna og læsi í dagsins önn*. Fjallaði fyrirlesturinn um mikilvægi málörvunar, barnabækur og læsi ungra barna. Samtals sóttu um 50 manns þann fund og var gerður góður rómur að máli Önnu Þorbjargar.



Fræðslufundur um hlutverk foreldra og annarra fullorðinna í máltöku og bernskulæsi var haldinn 14. apríl 2015. Bryndís Guðmundsdóttir, talmeinafræðingur og höfundur efnisins *Leikum og lærum með hljóðin*, fjallaði um málþroska og framburð með áherslu á tvítyngi og mikilvægi þess að örvun og umhverfi barna gefi forskot á orðaforða, málskilning og hljóðkerfisvitundarþætti sem leggja grunn að læsi og námi til framtíðar. Bryndís benti á hvernig nota megji upplýsingatæknina og smáforrit, bæði heima og í skóla, til að styðja við málþroska og læsi barna. Alls sóttu um 40 manns fræðslufundinn, bæði þátttakendur í verkefninu og foreldrar. Til að auðvelda foreldrum af erlendum uppruna að sækja fundinn var ákveðið að bjóða upp á túlkþjónustu og voru túlkar á pólsku og víetnömsku á staðnum en þjónusta þeirra var greidd af styrkfé.

Vettvangsferð á Reykjanes

Þátttakendur í verkefninu ásamt öðru starfsfólki í leikskólanum Sunnuási, kennurum á yngsta stigi í Langholtsskóla og í frístundaheimilinu Glæðheimum var boðið í vettvangsferð í Reykjanesbæ 17. nóv. 2014 en þann dag var sameiginlegur starfsdagur allra leik- og grunnskóla í Langholtshverfinu. Gylfi J. Gylfason, þáverandi fræðslustjóri Reykjanesbæjar, sagði frá framtíðarsýn bæjarins í menntamálum og Ingibjörg B. Hilmarsdóttir, leikskólafulltrúi, kynnti framtíðarsýn í leikskólum með áherslu á læsi og stærðfræði. Síðan var hópnum skipt upp og heimsótti annar hópurinn leikskólann Heiðarsel og fékk kynningu á áherslum leikskólans í læsi og stærðfræði, leikskólann Tjarnarsel þar sem unnið er sérstaklega með læsi og leikskólann Vesturberg þar sem læsi og stærðfræði er fléttað í gegnum allt nám í

leikskólanum. Hinn hópurinn heimsótti Njarðvíkurskóla og leikskólann Gimli til að kynna sér samstarf leik- og grunnskóla með læsi/lestur og tengingu við foreldra. Markmiðin með samstarfinu er að stuðla að vellíðan og öryggi barna við skil skólastiga, efla tengsl milli skólastiganna, skapa samfellu í námi og kennslu, koma til móts við þarfir nemenda og auka gagnkvæma þekkingu kennara á störfum hvers annars. Samstarfið byggir m.a. á að upplýsingum um niðurstöður úr HLJÓM2 í leikskólanum Gimli er miðlað til Njarðvíkurskóla og upplýsingum um niðurstöður úr Leið til læsis í 1. bekk grunnskólans er miðlað til leikskólanna. Í framhaldinu gera báðir skólar áætlun og endurmat á því sem þarf að vinna með varðandi mál og læsi. Einnig eru gagnkvæmar heimsóknir kennara og barna.



Ávinningur af þessari ferð var einkum sá að þátttakendur áttu góðan dag og kynntust en einnig að þeir kynntust þeim leiðum sem farnar hafa verið til að efla samstarf og miðlun upplýsinga um stöðu barna í málþroska og læsi á skilum skólastiga, þannig að hagsmunir barnanna eru hafðir að leiðarljósi. Gerð var sameiginleg áætlun fyrir samstarfið með áherslum og verkþáttum fyrir hvorn skóla sem þátttakendur töldu sig geta nýtt sér. Einnig opnaði




heimsóknin augu þátttakenda fyrir mikilvægi þess að miðla upplýsingum um stöðu barna í máli og læsi og að byrjað sé strax við upphaf grunnskólagöngunnar að vinna með börnin á grundvelli niðurstaðna úr HLJÓM2 og að leikskólinn fái upplýsingar um hvernig útskriftarárgangurinn kemur út á Leið til læsis við upphaf grunnskóla. Þátttakendur í verkefninu fengu greiddan kostnað vegna ferðarinnar úr styrkjasjóðnum en starfsstaðirnir greiddu kostnað fyrir aðra þátttakendur.

Spjaldtölvur

Keyptar voru tíu spjaldtölvur að gerðinni iPad air fyrir verkefnið. Verkefnisstjórn samþykkti að Langholtsskóli og leikskólinn Sunnuás fengu fjórar spjaldtölvur hvor skóli en frístundaheimilið Gláðheimar tvær spjaldtölvur til afnota í verkefninu. Ráðgjafi vegna kaupanna var Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir, verkefnastjóri vegna upplýsingatækni á skrifstofu SFS. Hún lagði til að hver starfsstaður fengi eina spjaldtölvu sem væri 64GB en hinar væru 16 GB. Öflugri tækin væri hægt að nota til að hlaða niður og geyma meira gagnamagn og því þyrfti síður að hlaða eins oft niður af þeim. Verkefnið gat nýtt sér afslátt sem upplýsinga- og

tölvudeild Reykjavíkurborgar nýtur hjá þeim birgjum sem flytja tækin inn og selja. Einnig voru keyptu hulstur utan um spjaldtölvurnar en að mati kennaranna var það forsenda þess að börnin gætu notað tækin.

Til að auðvelda starfsfólki að nota spjaldtölvurnar var haldinn einn stuttur fræðslufundur á haustönn en tvö námskeið á vorönn. Nánar er sagt frá þeim annars staðar í skýrslunni.



Kynningar og miðlun upplýsinga

Sameiginleg gögn, s.s. fundargerðir, myndir, gögn frá heimsóknnum sem farið var í o.fl. voru vistuð á svæði Netskóla Reykjavíkur (<http://netnam.reykjavik.is/>) sem er náms- og samskiptavefur fyrir starfsstaði skóla- og frístundasviðs. Bæði var unnt að hafa lokuð svæði en einnig hægt að opna lesaðgang fyrir gesti að ákveðnum svæðum.

Verkefnið hefur oft verið nefnt sem jákvæð fyrirmynd fyrir samstarf milli leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis um eflingu máls og læsis, t.d. á fundum fagráðs um málþroska, læsi og lesskilning sem skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar samþykkti á útmánuðum 2015 og kynningarfundum sem haldnir voru í kjölfarið og sem sóttir voru af stjórnendum leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs í öllum hverfum borgarinnar.

Lokaskýrsla um verkefnið verður vistuð á innri vef skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar þar sem hún verður aðgengileg fyrir alla starfsmenn sviðsins. Einnig verður hún vistuð á heimasíðum samstarfsaðilanna.

3. Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Ákveðið var að hafa meiri fræðsla fyrir þátttakendur á skólaárinu en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir. Helstu rök fyrir þeirri ákvörðun voru að fræðsla og kynningar á ýmsum verkefnum væru nauðsynleg til að skapa sameiginlega sýn og samræma viðhorf og væntingar til samstarfsins.

Boðið var upp á færri fræðslufundir fyrir foreldra en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir. Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir tveimur fræðslufundum fyrir foreldra á hvorri önn en var fækkað í einn á önn sem var talið nægilegt miðað við umfang verkefnisins.

Samþykkt var að kalla ekki til fulltrúa leik- og grunnskólakennara né frístundaleiðbeinenda í verkefnisstjórn en helstu ástæður þess voru þær að þá yrði verkefnisstjórnin of fjölmenn og að ólíkur vinnutími þessara starfsstétta myndi gera fundi verkefnisstjórnar erfiða í framkvæmd. Allir stjórnendur sem sátu í verkefnisstjórninni eru í góðu sambandi við sína undirmenn og

fengu reglulega frá þeim upplýsingar, athugasemdir og ábendingar um starfið og framgang verkefnisins.

Ráðgjöf og handleiðsla var þátttakendum og verkefninu að mestu að kostnaðarlausu þar sem leitast var við að nýta ráðgjöf og handleiðslu starfsmanna borgarinnar sem búa yfir víðtækri þekkingu og reynslu af samstarfi og skilum skólastiga, málþroska og læsi, tvítyngi, fjölmennarlegum kennsluháttum o.fl.

Ekki var leitað til talmeinafræðings um að greina stöðu barnanna í málþroska. Verkefnisstjórnin mat það þannig að slíkt yrði bæði of tímafrekt og kostnaðarsamt. Þátttakendur ákváðu að fara í gagnkvæmar heimsóknir sem þeir skipulögðu sjálfir og nýttu eyðublað frá verkefninu *Okkar mál* í Fellahverfinu (<http://tungumalatorg.is/okkarmal/>). Að loknum heimsóknunum hittust þátttakendur og ræddu um hvað þeir hefðu lært af heimsóknunum og hvað mætti nota af reynslunni af þeim í samstarfsáætlun fyrir næsta skólaár.

4. Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Þátttakendur í verkefninu voru tiltölulega margir eða um 20 manns sem þurftu að vinna saman og ræða saman. Vegna fjöldans þurfti að skipuleggja samstarfsfundi með löngum fyrirvara og tryggja að þeir sem boðaðir voru á fræðslufundi eða aðra fundi fengju afleysingu.

Ólíkur vinnutími starfsfólks í leikskóla, grunnskóla og á frístundaheimilum var ákveðin hindrun sem reynt að var að komast yfir með því að greiða fyrir afleysingu eða greiða sérstaklega fyrir þátttöku í verkefnum sem féllu utan skilgreinds dagvinnutíma.

Í byrjun var nokkur umræða um að Langholtsskóli væri í samstarfi við marga leikskóla í hverfinu, en ákveðið að samstarfið í verkefninu gæti verið ákveðinn prófsteinn á þær hugmyndir sem fram komu og fyrirmynd að samstarfi við aðra leikskóla.

Fljótlega í byrjun skólaársins komu fram ábendingar og óskir um vistun á sameiginlegum gögnum og upplýsingamiðlun. Leitað var til Netskóla Reykjavíkur um lausn á því máli þar sem hægt var að bjóða upp á gestaaðgang með einföldu móti í stað þess að hver þátttakandi hefði sérstakt aðgangsorð.

5. Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið

Eins og fram kom í umsókn er lokaafurð verkefnisins endurskoðuð samstarfsáætlun um eflingu máls og læsis á mörkum skólastiganna og með þátttöku frístundaheimilis sem að mati þátttakenda er ein helsta nýbreytnin í þessu verkefni. Sú samstarfsáætlun getur nýst sem fyrirmynd fyrir aðrar samstarfsáætlanir um eflingu máls og læsis á mörkum skólastiganna en skóla- og frístundaráð hefur samþykkt að slíkar samstarfsáætlanir verði innkallaðar og metnar vorið 2016. Endurskoðuð samstarfsáætlun fyrir leikskólann Sunnuás, Langholtsskóla og frístundaheimilið Glæðheimi er í fylgiskjali 1.

Þátttakendur eru sammála um að hliðarafurð af þróunarverkefninu sé aukið samstarf og aukinn skilningur á vinnubrögðum hvors skólastigs/hvers málaflokks. Leyfi fékkst til að vitna í orð eins þátttakanda:

Ég hef lengið hugsað hvað væri frábært að drífa svona gang og var því afar glöð þegar ég kom úr árs fæðingaorlofi að þetta væri komið í gang, það blundar í mér ákveðið "skilmilliskólastiganörd" svo ég sletti nú dálítið ;-)

En mig langar að koma með smá vangaveltur eða hugleiðingu um hvernig við gætum unnið áfram í þessu verkefni. Í vetur finnst mér við búin að fá grunnfræðslu á nokkrum sviðum. Við erum búin að fræðast um það frábæra starf í Reykjanesbæ (sem ég reyndar fór ekki á), hins vegar tel ég að þar sannist það sem ég hef alltaf sagt að við eigum að taka mark á niðurstöðum prófa/kannanna og vinna útfrá þeim. Einnig fræðsla í spjaldtölvunotkun, sögugrunnur, frábær fræðsla og ákveðin vakning frá Fríðu og svo auðvitað stórkostlegur fyrirlestur frá Bryndísi sem mér persónulega finnst að foreldra ættu að fá á fæðingadeildinni og árlega eftir það!! ;-)

Við erum líka búin að útbúa ákveðið viðburðadagatal þar sem við tökum saman helstu viðburði sem hafa verið í tengslum við samstarf leik- og grunnskóla í hverfinu. Við höfum bætt þá og lagt áherslu á mál og læsi.

Vettvangsferðir á Reykjanes vakti athygli þátttakenda á mikilvægi miðlunar upplýsinga milli leik- og grunnskóla, þ.e. að miðla niðurstöðum úr HLJÓM2 í leikskóla til grunnskólans og úr skimuninni Leið til læsis í upphafi 1. bekkjar til leikskólans, skapa samfellu í vinnubrögðum og áherslum ásamt því að leikskólar, grunnskólar og frístundastarf í sama nærumhverfi barna stefni að sama markmiði.

Kynning á verkefninu *Okkar máli* milli leikskóla, grunnskóla og fleiri aðila í Fellahverfi og fræðslufundur um tvítyngi leiddu af sér vitundarvakningu meðal þátttakenda um að virkja foreldra af erlendum uppruna og auðvelda þeim samstarf, t.d. með túlkun á fræðslufundum og að þýða skilaboð á fleiri tungumál. Einnig komu hugmyndir um notkun snjalltækja í starfi með ungum börnum og þátttakendur nýttu ákveðin gögn úr því verkefni, s.s. matsblaðið um heimsóknir.

Námskeið um notkun spjaldtölvanna gerði það að verkum að starfsfólk var viljugra til að prófa sig áfram með notkun tækjanna og fékk að reyna á eigin skinni möguleika tækninnar í leik og starfi.

6. Mat á verkefninu skv. umsókn

Verkefnisstjórn mat reglulega eða á mánaðarlegum fundum framgang verkefnisins með því að fara yfir samstarfsáætlunina sem gerð var í upphafi og verk- og tímaáætlanir verkefnisins, hvaða verkefni hefðu verið unnin og hvernig til hefði tekist. Kennarar beggja skólastiga notuðu matsblöð til að rýna í og endurmeta verkefni og heimsóknir á milli starfsstaða.

Það góða starf sem var í gangi í hverfinu efldist og varð markvissara. Þátttakendur öðluðust meiri skilning á starfi hvers annars. Sameiginleg samstarfsáætlun hefur orðið til þess að festa

ákveðin verkefni í sessi, s.s. heimsóknir, nemendur í 7. bekk Langholtsskóla lesa fyrir leikskólabörn til að æfa sig fyrir Stóru upplestrarkeppnina, o.fl. Einnig var bætt við nýjum þáttum s.s. upplýsingagjöf um niðurstöður skimana og aukin áhersla á að efla mál og læsi í þeim samstarfsverkefnum sem þegar voru í gangi. Þátttaka frístundaheimilis í samstarfinu um eflingu máls og læsis er nýlunda, starfsmenn þess voru mjög móttækilegir fyrir þeim möguleikum sem samstarfið hefur boðið upp á og tilbúnir til að laga hugmyndir að sínu starfi.

7. Niðurstöður verkefnisins

Markmiðið með verkefninu *Samstarf um mál og læsi alla skólagönguna* var að þróa samstarfsáætlun sem byggir á læsisstefnu leikskóla og lestrarstefnu grunnskólanna, styrkleikum beggja skólastiganna ásamt grunnþættinum læsi í aðalnámskrá leik- og grunnskóla. Jafnframt var markmiðið að nýta þann tíma sem yngstu nemendur grunnskólans verja í frístundaheimilinu til að efla mál og læsi á forsendum frístundastarfsins. Stefnt var að því að til yrði e.k. heildstæð áætlun um markviss vinnubrögð í eflingu máls og læsis fyrir bæði skólastigin sem jafnvel geti nýst sem fyrirmynd fyrir samstarfsáætlanir í öðrum hverfum. Megináhersla var á að byggja á því samstarfi sem þegar hafði verið lagður grunnur að, meta hvað vel hefði tekist fram að þessu og hvað mætti bæta eða breyta. Lokaafurð verkefnisins er endurskoðuð samstarfsáætlun milli leikskólans Sunnuáss, Langholtsskóla og frístundaheimilisins Gláðheima þar sem búið er að tímasetja helstu viðburði, skrá ábyrgðaraðila og að hverju þarf að huga á næsta ári. Fylgir samstarfsáætlunin skýrslunni sem fylgiskjal 1.

Annað meginmarkmið var að efla samstarf við foreldra um mál og læsi, virkja foreldra enn betur sem samstarfsaðila um eflingu málþroska og læsis og auka upplýsingastreymi til þeirra um framfarir barna þeirra. Það var gert með tveimur fræðslufundum fyrir foreldra um eflingu málþroska og læsis. Jafnframt var stuðlað að því að efla færni starfsmanna í að nota upplýsingatæknina til að koma upplýsingum á framfæri við foreldra og til að efla mál og læsi barnanna.

Þriðja meginmarkmiðið var að auka samstarf við frístundaheimilið um eflingu máls og læsis með frekari þátttöku í sameiginlegum verkefnum og fræðslu til starfsmanna. Forstöðumaður frístundaheimilisins sat í verkefnisstjórn og aðrir starfsmenn sóttu samstarfsfundi og fræðslu eftir því sem við átti. Af samstarfsáætlun fyrir 2015 – 2016 má væntanlega sjá að frístundaheimilið er virkur samstarfsaðili í að efla mál og læsi á mörkum skólastiganna í Langholtshverfinu.

Hver samstarfsaðili hafði ákveðin undirmarkmið með þróunarverkefninu. Markmið leikskólans Sunnuáss með þátttöku í verkefninu var m.a. að móta drög að kafla um eflingu málþroska og læsis í skólanámskrá fyrir nýjan leikskóla eins og aðalnámskrá leikskóla gerir ráð fyrir. Leikskólinn hefur nú mótað sína læsisstefnu sem er aðgengileg á heimasíðu skólans og þar má einnig merkja að skólinn leggur metnað í að upplýsingar til foreldra séu á fleiri málum en íslensku (<http://sunnuas.is/>). Markmið Langholtsskóla var að efla enn frekar þróun læsis á yngsta stigi og nýta betur möguleika upplýsinga- og samskiptatækninnar við að efla

Læsi nemenda í 1. – 4. bekk ásamt því að auka enn frekar notkun tækninnar í samstarfi við foreldra. Skólinn hefur mótað sérstaka lestrarstefnu yngsta stigs þar sem fram koma markmið náms, kennsluáherslur, matstæki og viðmið um árangur ásamt hlutverki foreldra í lestrarnámi (http://www.langholtsskoli.is/images/stories/skolanamskra/Lestrarstefna_yngsta%20stig.pdf). Markmiðið með þátttöku frístundaheimilisins Gláðheima var einkum að stuðla að aukinni samfelli í vinnu með mál og læsi á mörkum skólastiganna og að koma til móts við ákvörðun skóla- og frístundaráðs borgarinnar um að samstarfsáætlanir um eflingu máls og læsis nái einnig til frístundastarfs.

8. Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Verkefnið er vistað á Námsvef grunnskólanna hjá Netskóla Reykjavíkur (<http://netnam.reykjavik.is/>). Þar er það opið fyrir alla sem hafa áhuga á að kynna sér efnið með gestaaðgangi. Þegar hefur verið óskað eftir kynningu á verkefninu í haust á fræðslufundi um samstarf um mál og læsi fyrir læsisteymi í leik- og grunnskólum borgarinnar. Stefnt er að kynningu á verkefninu á stjórnendafundum í hverfinu næsta haust þar sem það verður kynnt sem fyrirmynd að samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis um eflingu máls og læsis í einu skólahverfi.

9. Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um

Þátttakendur í verkefninu fengu greidda yfirvinnu fyrir þátttöku í samstarfsfundum og öðrum verkefnum sem féllu utan hefðbundins dagvinnutíma. Um er að ræða á bilinu 10 – 15 manns sem eru m.a. deildarstjóri og starfsmenn á deildum elstu barnanna á leikskólanum Sunnuási, kennarar í 1. bekk í Langholtsskóla og frístundaleiðbeinendur í frístundaheimilinu Gláðheimum.



Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Aðalnámskrá leikskóla (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Gerður G. Óskarsdóttir (2012). *Skil skólastiga. Frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla* [niðurstöður rannsóknar sem styrkt var af Reykjavíkurborg]. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

Jóhanna Einarisdóttir (2007). *Lítil börn með skólatöskur: Tengsl leikskóla og grunnskóla*. Reykjavík: Háskólaútgáfan & Rannsóknarstofa í Menntunarfræðum ungra barna.

Lesið í leik. Læsisstefna leikskóla (2013). Sótt 15. júní 2015 á:
http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/L_sisstefna_0.pdf
Reykjavík: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

Lestrarstefna fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar (2012). Sótt 15. júní 2015 á
http://eldri.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skola_og_fristundasvid/skjol/Lestrarstefna.pdf

Lesvefurinn (2015). *Félagalestur*. Sótt 15. júní 2015 á: <http://lesvefurinn.hi.is/node/237>

Lög um leikskóla (2008). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Lög um grunnskóla (2008). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Stefán Jökulsson (2012). *Læsi. Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Reykjavíkurborg (2013). 43. fundur skóla- og frístundaráðs, haldinn 21. ágúst 2013. Sótt 21. febrúar á: <http://reykjavik.is/fundargerð/fundur-nr-43-0>

Samstarfsáætlun milli Sunnuáss, Langholtsskóla og Gláðheima skólaárið 2015 - 2016

Samstarfið um eflingu máls og læsis á mörkum skólastiga í Langholtshverfinu

Verkefni	Markmið	Tími	Viðmið um árangur	Ábyrgðaraðili	Umbótaáætlun
Niðurstöðum úr Leið til læsis í 1. b. skilað til leikskóla	Leikskólinn fá upplýsingar um stöðu síns hóps í læsi í upphafi grunnskóla og geti skipulagt starf sitt í kjölfarið. <ul style="list-style-type: none"> Skipuleggja samstarf fyrir skólaárið. Stöðumat – meta hvernig verkefni hafa gengið. Kynnast aðstæðum hvers annars. 	Október 2015	Leikskólarnir fá upplýsingar um sinn hóp.	Kennarar 1. bekk Langholtsskóla	Fá Dröfn til að kynna verklag í Reykjanesbæ.
Kennarar 1. b., leikskólakennarar og starfsfólk Gláðheima hittist 3x á ári	<ul style="list-style-type: none"> Skipuleggja samstarf fyrir skólaárið. Stöðumat – meta hvernig verkefni hafa gengið. Kynnast aðstæðum hvers annars. 	Sunnudag – ágúst 15 Langholtsskóli – nóv. 15 Feb. - Gláðheimar Lokafundur í maí	Haldnir fjórir fundir á skólaárinu, einn á hverjum starfsstað Ágúst – byrja að velja lög í söngbók, undirbúa 16. nóv.,	Tengiliður á hverjum starfsstað boðar fund hjá sér.	
Nemendur í 1. bekk heimsækja leikskólann	Börnin fá að halda tengslum við gamla leikskólann Sækja söngbókina Allir æfa lag og syngja saman Nemendur taka myndir á spjaldtölvur og byrja að búa til sameiginlega bók í rafrænu formi (Book Creator)	Okt. 2015 Lok jan. 2016	Ferðin sé farin. Ákveðið lag til að æfa og flytja Rafræn bók verður til – 1. kafli	Tengiliður á hverjum starfsstað.	
Söngbók (rafræn og hver einstaklingur fær eintak)	Læra texta og lög Nota ský til að vista bókina	Allt árið	Söngbókin verður til og vistuð í skýjalaun (Google-docs eða Drop-box)	Sigrún Brynjólfssd.	
Dagur íslenskrar tungu 16.nóv.	Fyrsta heimsókn leikskólabarna í Langholtsskóla Fræðast um Jónas Hallgrímsson Læra og æfa lag við ljóð JH sem allir syngja saman	16. nóv. 2015	Einn kafli í rafrænu bókinni um heimsóknina.	Hulda Ólafsd. ásamt tengiliðum	
Leikskólabörn heimsækja Langholtsskóla í	Leikskólabörn kynnast starfi í 1. bekk og sækja mismunandi kennslustundir	Feb./mars 2016	Sem flestir væntanlegir nemendur í 1. bekk Langholtsskóla taki þátt.	Kennarar í 1. bekk	1 leikskólakennari pr. 5 börn, ekki fleiri en 20 börn í einu. Óskað eftir að

minni hópum.	Leikskólabörnin horfi á jólaleikrit sem samið og flutt er af nemendum Langholtsskóla Fyrstu kynni af samveru á sal Langholtsskóla Leikskólabörn undirbúin fyrir heimsóknina, taka myndir og skrifa sögu um heimsóknina	Desember 2015	Kafli í rafrænu bókinni	Hulda Ólafsd./ Langholtssk. Rósa Ólad., deildarstj. Sunnuási	bara börnin sem eru að fara í Langholtsskóla komi í þessar heimsóknir
7. bekkjar Langholtsskóla lesa fyrir leikskólabörn (næst-elsta deild?)	Nem. Langholtssk. æfa upplestur Leikskólabörn æfa hlustun og hlustunarskilning Nemendur lesa bækur á öðrum málum en íslensku – ef við á.	Lok jan.	Sem flestir nemendur í 7. bekk taki þátt. Virkja nemendur sem tala annað tungumál en íslensku.	Umsj. maður Stóru uppl. keppinnar	Kortleggja tungumál sem eru töluð í leikskólanum – velja bækur við hæfi. Nauðsynlegt að nemendur fái aðstoð við að velja bækur og undirbúi sig.
Leikskólabörn heimsækja fristundaheimili	Kynna umhverfi og aðstæður á fristundaheimilinu fyrir leikskólabörnum. Starfsmenn Gladheima senda leikskólabörnum stuttmyndir á rafrænu formi.	Byrja strax eftir áramótin	Stuttmynd – boð í heimsókn	Rósa Ólad. og Tinna B. Helgad.	Hvert barn fái að fara oftast en einu sinni.
Nemendur í 1. og 2. bekk heimsækja Gladheima	Kynnast aðstæðum og starfsfólki Gladheima.	Snemma að hausti að morgni	1. og 2. bekkur fari í heimsókn á skólatíma.	Umsjónarkennarar og starfsfólk Gladheima.	NYTT
Leikskólabörn og nemendur í 1. bekk skreyta tré í Laugardal	Leikskólabörn og nemendur í 1. bekk hittast, syngja saman og skreyta tré við Þvottalaugarnar.	Apríl 2016	Kafli í rafrænni bók	Umsjónarkennarar, deildarstj. elstu barna á Sunnuási.	Mikilvægt að einhver stjórnri samkomunni og söng. Bónus að hafa undirleikara. Sunnuás sér um leyfi til að skreyta tré,
Útileikjadagur; 1.		Að vori	Útileikjadagurinn haldinn og almenn		Haldinn 27. maí 2015

bekkur og leikskólabörn				ánægja með hann. Kafli um útleikjadaginn í rafrænu bókinni.		
Leikskólabörn heimsæjja bókasafn Langholtsskóla	Kynnast skólasafninu, fá lánaðar bækur og skila í næstu heimsókn. Skrifa kafa í rafrænu bókina um heimsóknina.	Haut 2015		Kafli um heimsóknina í rafrænu bókinni.	Rósa og skólasafnskennari Langholtssk.	
Elistu börnin á Sunnuási og börn í frístundaheimilinu Gláðheimum hittist á lóð Langholtsskóla og leiki saman	Börnin kynnist og eigi skemmtilega stund. Kenna leiki. Virkja vinaliða Langholtsskóla	Vor 2016		Leikjastundin haldin og vel heppnuð	Rósa og Tinna B.	NÝTT
Börn á Gláðheimum heimsæki bókasafn Langholtsskóla, fái lánaðar bækur og sögustund	Efla lestraráhuga á frístundaheimilinu. Efla tengsi frístundaheimilis og bókasafns. Auka fjölbreytni í bókakosti frístundaheimilis	Amk. ein heimsókn á önn. Hefst haustið 2015			Skólasafnskennari og forst. maður frístundaheimilis	NÝTT
Niðurstöðum úr HLJÓM 2 skilað til Langholtsskóla	Auka upplýsingaflæði milli leikskóla og grunnskóla. Nýta niðurstöður úr HLJÓM2 til að skipuleggja starf í 1. b. Langholtsskóla	Haut 2015		Niðurstöður úr HLJÓM2 m.a. nýttar til að skipuleggja móðurmálskennslu í 1. b. Langholtsskóla	Deildarstjóri sérkennslu í Sunnuási	NÝTT

Fylgiskjal 2

**Samstarf um mál og læsi alla skólagönguna
Sunnúás - Langholtsskóli - Glaðheimar**

Verk- og tímaáætlun haustönn 2014

Dags./Tími	Verkefni	Staðsetning
Júní 2014	Hvor starfsstaður metur starfið út frá „Viðmiðum um gæði samstarfs“ og áherslum varðandi mál og læsi	Sunnúás/ Langholtsskóli
18. ágúst 2014	Námskeið í „Sögugrunni“ (Guðrún Sigursteinsdóttir) fyrir leikskólastarfsfólk og 6 ára kennara í Langholtsskóla (frestað fram yfir áramót)	Ris Langholtsskóla
21. ágúst 2014 kl. 13:00-14:30	Stöðumat – farið yfir mat starfsstaða á samstarfinu	Langholtsskóli
8. sept. kl. 15:00-16:30	<i>Verkefnisstjórn – Dagur læsis</i>	Langholtsskóli
13. okt. 2014 kl. 13:30-15:00	<i>Verkefnisstjórn</i>	Sunnúás
15. okt. 2014 kl. 17:15-18:00	Fyrirlestur fyrir foreldra barna á Sunnúási og 1. – 3. bekkjar Langholtsskóla um málþroska, málörvun og læsi – Anna Þ. Ingólfssdóttir	Langholtsskóli
29. okt. 2014	Kynning fyrir starfsfólk elsta árgangs á Sunnúási og 1. bekkjar Langholtsskóla: „Okkar mál“	Fellaskóli
3. nóv. 2014 kl. 15:00-16:30	Sameiginlegur fundur: Leik- og grunnskólakennarar kynna vinnubrögð og áherslur hvors skólastígs varðandi mál og læsi	Langholtsskóli - ris
10. nóv. kl. 15:00-16:30	<i>Verkefnisstjórn</i>	
17. nóv. 2014 kl. 11:15-17:00	Sameiginlegur starfsdagur: Kynnisferð í Reykjanesbæ. Þátttakendur: Leikskólastarfsfólk og kennarar 1. og 2. b. Langholtsskóla. Dagskrá: Sameiginlegur hádegisverður, kynningar og skólaheimsóknir FBJ talar við Ingibjörgu í Reykjanesbæ	Reykjanesbær
27. nóv. 2014 kl. 15 - 16:30	Kynning á samstarfsverkefnum um mál og læsi í öðrum hverfum (Fríða B. og Guðrún Edda taka saman lista sem starfsfólk velur af)	
8. des. kl. 15:00-16:30	<i>Verkefnisstjórn</i>	

Fylgiskjal 3

**Samstarf um mál og læsi alla skólagönguna
Sunnúás - Langholtsskóli - Glaðheimar**

Verk- og tímaáætlun vorönn 2015

Dags./Tími	Verkefni	Staðsetning
3. mars 2015	Kl. 14 – 16: Námskeið um Sögugrunninn/Guðrún Sigursteinsdóttir.	Langholtsskóli - ris
12. jan. 15	<i>Verkefnisstjórn</i>	
Eftir 20. jan.	Fundur leikskólakennara á Sunnuási, kennara 1. bekkjar í Langholtsskóla og stjórnanda á Glaðheimum til að skipuleggja gagnkvæmar heimsóknir. Áb. VPP	Sunnúás
18. mars 2015	Kl. 14 – 16: Námskeið um notkun spjaldtölva með 4 – 7 ára börnum (Rakel Magnúsdóttir)	
2. feb.	<i>Verkefnisstjórn</i>	
14. apríl 2015	Fræðsla til foreldra um notkun snjalltækja til að efla mál og læsi. – Bryndís Guðmundsdóttir, talmeinafræðingur	Salur Langholtsskóla
Feb./mars 15	Gagnkvæmar heimsóknir leikskólakennara á Sunnuási, kennara 1. bekkjar í Langholtssk. og starfsfólks á Glaðheimum (styrkur notaður til að greiða f. afleysingu ef þarf)	
9. mars 15	<i>Verkefnisstjórn</i>	
Mars 15	<i>Fræðsla til starfsfólks um virkt tvítýngi 4 – 8 ára barna/ Fríða B. Jónsdóttir</i>	
Mars 15	Fundur leikskólakennara á Sunnuási, kennara 1. bekkjar í Langholtssk. og stjórnanda á Glaðheimum til að fara yfir hvað fólk hafi lært af heimsóknum og hvað megi nota af reynslunni af þeim í samstarfsáætlun fyrir næsta skólaár.	
13. apríl 15	<i>Verkefnisstjórn</i>	
Mars – maí 15	Endurskoðun samstarfsáætlunar fyrir skólaárið 2015 - 2016	
4. maí 15	<i>Verkefnisstjórn</i>	
8. júní 15	<i>Verkefnisstjórn</i>	

Fylgiskjal 4



Viðmið um gæði samstarfs

	1. Viðhalda góðu verklagi	2. Laga það sem má bæta	3. Breyta til betri vegar